

Melrakkasetur Íslands ehf.



Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2015

Efnisyfirlit

Frá formanni stjórnar	3
Stjórn og fundir.....	4
Stefnumál	4
Starfsmannamál	5
Hjálparliðar og bakland	5
Fjármál.....	6
Starfið í Eyrardal	7
Viðburðir.....	7
Rannsóknir.....	7
Vöktun íslenska refastofnsins.....	7
Refirnir á Hornströndum	8
Áhrif ferðamanna á atferli refa	9
Vísindagreinar.....	9
Þjónustuverkefni	10
Refaskoðun.....	10
Kvikmyndaverkefni	10

Frá formanni stjórnar

Í sumar (2016) voru tíu ár frá því ég fór með manni mínum til Súðavíkur að kíkja á gamla Eyrardalsbæinn, sem mér hafði verið bent á af Guðrúnu Friðriks. Þegar þangað kom hittum við páverandi Sveitastjóra, Ómar Mát Jónsson og hann sýndi okkur það sem eftir var af húsinu. Þegar ég stóð þarna og leit umhverfis mig þótti mér strax að hvergi væri Melrakkasetrinu búinn betri staður. Við handsöluðum þá ákvörðun að þarna skyldum við byggja upp og síðan héldum við hvort sína leið. Við þórir fluttum til Noregs og dvöldum þar í eitt ár en Ómar Mát hófst handa við framkvæmdir sem sveitastjórn hafði þegar tekið ákvörðun um að fara út í. Fjármögnun og endurbygging Eyrardalsbæjar hófst strax og má segja að framtaksemi Ómars Máts hafi verið lykilatríði í að þessar hugmyndir okkar gátu orðið að raunveruleika. Í september ári seinna kom ég vestur og gerði áætlun um að stofna melrakkasetur. Haldinn var fundur í félagsheimili Súðavíkur þar sem mættu rúmlega 40 manns sem tóku þátt í að stofna félagið Melrakkasetur Íslands ehf og kjósa fimm manna stjórn. Samkvæmt áætluninni góðu myndi setrið verða staðsett í uppgerðum Eyrardalsbæ og þar myndi verða sýning í máli og myndum um refinn, líffræði hans og sögu ásamt sögu refaveiða og -veiðimanna. Þar kom jafnframt fram að undirbúningur og aðföng myndi kosta 15 milljónir og að sýningin yrði opnuð í júní 2012. Ég er ennþá jafn undrandi yfir því að þetta skyldi allt hafa gengið eftir. Við náðum að setja upp sýninguna með hjálp góðra vina og fjölskyldu og opnuðum í júní 2012 eins og áætlun gerði ráð fyrir. Síðan hefur sýningin gengið nær óbreytt og hróður melrakkasetursins hefur borist víða. Eins og kemur fram í þessari ársskýrslu hefur gestafjöldinn á sýninguna farið vaxandi með hverju árinu frá opnun og setrið löngu búið að sanna sig. Þegar ég lít til baka get ég ekki annað en verið stolt og þakklát fyrir þetta verkefni sem við Páll heitinn ræddum um af svo miklum eldmóð á sínum tíma. Það er gaman að skapa og byggja upp og þegar saman fara hugsjónir, ástríða og eldmóður þá getur svo margt gott komið út úr því. Þegar við fjölskyldan fluttum vestur til að fylgja eftir okkar hugmyndum og draumum um uppbyggingu Melrakkasetursins stóð aldrei til að þetta yrði okkar og aðeins okkar. Þarna myndum við búa til verkefni sem myndi skila sér til samfélagsins og yrði þar eftir hvert sem okkar leiðir myndu liggja. Það tókst og við eigum öll kærar minningar um þann tíma sem við dvöldum saman vestra og tókum til hendinni, hvert á sinn hátt. Það var jafnframt erfitt að þurfa að fara og skilja allt eftir í höndunum á öðrum – en það er líka hluti af konseptinu, að deila og treysta. Mér þykir vænt um að fá að vera með áfram, að taka áfram þátt í því sem ég skapaði með ykkur hinum. Nú er að koma að tímamótum þar sem síðasti meðlimurinn úr upprunalegu stjórninni (fyrir utan mig), hún Dagbjört, er að víkja úr stjórn. Ég er Dagbjöрту afar þakklát, sem og öðrum meðstjórnendum okkar, fyrir að hafa lagt sitt af mörkum í allan þennan tíma og aldrei þegið neitt fyrir frekar en aðrir góðir aðilar sem hafa bæst í hóp okkar melrakka í gegnum tíðina.

Ég ætla að gefa kost á mér til áframhaldandi stjórnarsetu enda tel ég mikilvægt að upprunaleg markmið um samband rannsókna og miðlun séu með í stefnumótun og endurnýjun sem nauðsynleg er til að efla Melrakkasetrið og uppfæra. Nú eru breyttir tímar frá upphafi starfseminnar, fjöldi ferðamanna er að ná sögulegum hæðum, setrið okkar er að vaxa, mikið er að gera og mikið þarf að gera. Ég skorast ekki undan og er enn full af sama eldmóði og þeim sem rak mig hingað vestur fyrir áratug. Takk fyrir að hafa mig og vera með mér allan tímann. Hlakka til að halda áfram og leggja mitt af mörkum hér vestra – hér er ég í hug og hjarta alla tíð.

Ester Rut Unnsteinsdóttir

Stjórn og fundir

Aðalfundur fyrir starfsárið 2014 var haldinn þann 29. maí 2015. Þá létu af stjórn þau Dagbjört Hjaltadóttir, Dagný Arnarsdóttir og Jón Páll Hreinsson en áfram gáfu kost á sér þau Ester Rut Unnsteinsdóttir og Steinn Kjartansson. Var fráfarandi stjórnarmeðlimum og framkvæmdastjóra, Jónasi Gunnlaugssyni, þakkað fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Nýjir meðlimir í stjórn voru kjörnir þeir Pétur Markan, Valgeir Scott og Kristján Andri Guðjónsson. Barði Ingibjartsson hafði setið sem varamaður en gekk úr stjórn og í hans stað var kjörin Dagbjört Hjaltadóttir. Barða var þakkað fyrir vel unnin störf í stjórn en hann hafði setið frá stofnun félagsins haustið 2007. Nýir stjórnarmeðlimir voru boðnir velkomnir. Stjórn skipti með sér verkum þannig: Ester er formaður stjórnar og Steinn ritari, aðrir stjórnarmenn voru meðstjórnendur. Skoðunarmenn reikninga voru þeir Daníel Jakobsson og Elías Oddsson. Þeir voru endurkjörnir fyrir starfsárið 2015. Endurskoðandi var Guðmundur Kjartansson hjá Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Stjórnarfundir voru haldnir að jafnaði á mánaðar fresti nema yfir sumartímamann og boðið upp á fjarfundarbúnað eða skype fyrir þá sem ekki gátu mætt á staðinn. Framkvæmdastjóri, Stephen Midgley (Midge), starfaði í umboði stjórnar og bar ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi félagsins á starfsárinu. Skýrsla þessi segir frá starfinu árið 2015 en fjármál eru gerð upp frá upphafi til ársloka 2015.

Stefnumál

Eitt aðalmarkmið Melrakkasetursins er að gera tófuna að verðmætri auðlind í sjálfbærri ferðaþjónustu. Við höfum vakið athygli á tegundinni sem einkennisdýri Vestfjarða og aukið verulega aðsókn ferðamanna til svæðisins. Ennfremur stuðlar setrið að og tekur virkan þátt í þverfaglegum rannsóknum á tegundinni í samstarfi við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir.

Melrakkasetrið vinnur skv. sjálfbærri hugmyndafræði og leitast við að:

- vera til fyrirmyndar og veita fræðslu í umgengni við náttúruna.
- afla og miðla þekkingu um vistkerfi og samspil lífvera í umhverfinu.
- taka þátt í samstarfi og verndaráætlunum um viðkvæm náttúrusvæði.
- byggja upp á sjálfbæran hátt þá auðlind sem felst í náttúru og dýralífi svæðisins.
- velja vörur og þjónustu úr héraði, ef kostur er.
- skapa störf í heimabyggð.
- vera virk í samstarfi við vísindamenn og opinberar rannsóknastofnanir.
- taka virkan þátt í samfélaginu með því að veita nemendum og kennurum á grunnskóla- og framhaldsstigi fræðslu og tækifæri til frumkvöðla-vinnu og samstarfs.
- bjóða grunnskólabörnum og eldri borgurum í heimabyggð ókeypis aðgang að sýningu setursins.

Má segja að starfsemin falli vel að stefnu setursins og mikilvægt að hvergi verði hnikað frá þeim markmiðum sem sett voru í upphafi. Gæði starfsins byggja á vísindagrundvelli og mikilvægt að þeim sjónarmiðum sé viðhaldið í starfi setursins. Samstarf við Náttúrufræðistofnun Íslands tryggir faglegan bakgrunn og tengsl við vísindaheiminn.

Með tilkomu Melrakkasetursins varð til tækifæri til uppbyggingar á sérstakri menningar- og náttúrutengdri ferðaþjónustu á Norðanverðum Vestfjörðum. Vaxandi aðsókn hefur leitt af sér þörf fyrir aðra starfsemi í nágrenninu, svo sem gistimöguleika, veitingastaði, afþreyingu og fleira. Þannig styrkir

Melrakkasetrið stoðir samfélagsins og veitir tækifæri til uppbyggingar allan ársins hring. Stjórn telur þó mikilvægt að áfram sé stutt dyggilega við starfsemina sem er ung og í örur vexti. Allur stuðningur skiptir máli fyrir þetta litla verkefni, sem er svo stórt í sjálfu sér, enda eina Melrakkasetrið í heiminum.

Starfsmannamál

Midge starfaði sem framkvæmdastjóri setursins en hann tók við af Jónasi Gunnlaugssyni sem hjálpaði til við bókhald og reikningsskil í upphafi starfsársins. Midge hafði séð um markaðs og kynningarmál ásamt fleiri sérverkefnum fyrir Melrakkasetrið og Súðavíkurrepp fram að því að hann tók við sem framkvæmdastjóri.

Yfir veturinn sinnti Midge gestakomum, upplýsingamiðstöð, markaðsmálum, umsóknum og skipulagi ásamt því að halda nokkra viðburði. Naut hann aðstoðar Genku Yordanovu, Rúnu Esradóttur og fleirum við viðburðahald og aðrar uppkomur. Genka starfaði því allt árið við setrið, í meira eða minna mæli. Yfir sumartímam voru auk þeirra Genku og Midge þau Snæfríður Pétursdóttir, Sýlvía Arnarsdóttir og Friðrik Ásgeirsson við afgreiðslu, framreiðslu og leiðsögn í Melrakkasetrinu. Ester Rut Unnsteinsdóttir sinnti rannsóknnum á Hornströndum og sá um efnisöflun, úrvinnslu og skýrslugerð fyrir Umhverfissráðuneyti og fleira. Ester starfar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og ber faglega ábyrgð á efni sýningar setursins og umsjón með nemendaverkefnum en er ekki á launum hjá setrinu. Matthew Kyhn var einn þessara nemenda og varði hann meistararitgerð sína við Háskóla Íslands í október 2015. Verkefni hans fjallaði um lagalega stöðu íslensku tófunnar í ljósi laga og alþjóðlegra samþykkt, í samaburði við stöðu tegundarinnar á Svalbarða. Snæfríður vann BSc verkefni um fæðuval tófunnar að vetrarlagi. Ester var annar leiðbeinandi Matthews og Snæfríðar en hinir leiðbeinendurnir tveir eru starfandi lektorar við HÍ. Nú eru komnir til fleiri rannsóknarnemar sem fjalla um málefni melrakkans: Charlie Evans, sem rannsakar sníkjudýr í meltingarvegi og stundar nám við Háskólann í Austur London, UK. Einnig Jennifer Carbonnell sem rannsakar fæðuval íslenskra melrakka á 30 ára tímabili, með efnagreiningu úr beinum (stöðugar samsætur / ísótópar). Jennifer stundar nám við háskólann í Tromsø. Ester er meðleiðbeinandi þeirra beggja og verður spennandi að sjá hvað kemur út úr rannsóknnum þeirra.

Hjálparliðar og bakland

Margir lögðu okkur lið á árinu 2015 eins og áður og það eru sífellt fleiri sem vilja koma og vinna sem sjálfboðaliðar, bæði í rannsóknnum og í Melrakkasetrinu. Síðastliðið sumar kom aftur, í þriðja skiptið hún Juliann Shamel, sem alltaf er kölluð Juice. Hún er líffræðingur og þrautreynd, bæði í refavöktun og sýningarleiðsögn í Melrakkasetrinu. Fleiri góðir sjálfboðaliðar komu með í refavöktun og athugun á áhrifum ferðamanna í Hornvík í júní og júlí. Til dæmis Philippe Garcia, sem var að koma í annað skiptið, Doriane Hebinge, Chloe Marchandise, Jos Breek, Rebecca Fiscer, Aurelie Chaput, Javed Riaz, Fauke Fargo, Madeline Charboneau, Amanda Emmel, Leah Sparrow og Anna Þorsteinsdóttir.

Ester Rut hafði umsjón með öllum ferðunum og ábyrgð á rannsóknnum á ábúðapöttleika og áhrifum ferðamanna. Eins sá hún um samskipti við háskóla þeirra sem komu sem internship nemar (Doriane og Chloé). Það er gaman að vita til þess að svo margir erlendir aðilar vilji koma og leggja okkur lið. Midge sá um skipulag og móttöku sjálfboðaliðanna og hafði umsjón með að útvega þeim húsnæði, verkefni og afþreyingu. Þessir krakkar setja skemmtilegan svip á bæinn okkar og sýna gott fordæmi með sínu

framlagi. Það má segja að þarna höfum við eignast enn fleiri „sendiherra“ setursins og Súðavíkur og öruggt mál að þeirra innlegg í markaðssetningu á okkar litla verkefni er mikilvægt.

Í baklandinu okkar eru margir auðvitað enda á Melrakkasetrið marga vini, bæði meðal hluthafa og annara aðila sem styðja okkur með einum eða öðrum hætti. Er næsta víst að Melrakkasetrið væri ekki til ef ekki nyti baklandsins. Stærsti og augljósasti hópurinn eru hluthafar og reglulegir gestir okkar. Of langt er að telja alla hér en við erum afar þakklát fyrir allan stuðning og velvilja, hversu stórt og smátt sem lagt er í, það er hugurinn sem gildir.

Fjármál

Melrakkasetur Íslands ehf. var stofnað haustið 2007 í þeim tilgangi að stuðla að rannsóknum á íslensku tófunni, reka sýningaraðstöðu og skylda starfsemi. Þá var ákveðið að starfsemin myndi verða til húsa í Eyrardalsbænum sem Súðavíkurhreppur hafði áður ákveðið að endurbggja. Melrakkasetrið var síðan formlega opnað í júní 2010 og hefur verið rekið þar síðan.

Í ársreikningi fyrir árið 2015 ættu að koma fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á rekstrarárangri setursins á árinu og stöðu í árslok. Hagnaður á árinu nam kr. 370.508,- og leggur stjórn félagsins til að hann verði færður yfir á eigið fé. Hluthafar í félaginu eru 64 og eru 10 stærstu eftirfarandi: Súðavíkurhreppur 47,268%, Ísafjarðarbær 11,763%, Iceland Sea Angling 3,66%, Hvíldarklettur ehf. 3,398%, Bolungarvíkurkaupstaður 2,984%, Ólafur Örn Ólafsson 2,984%, Guðjón A. Kristjánsson 1,307%, María Hrafnhildardóttir 1,307%, Tígur ehf. 1,307%, Salvar Baldursson 1,194%. Stjórn Melrakkaseturs Íslands ehf. staðfestir ársreikning félagsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Í ársreikningum félagsins fyrir árið 2015 kemur fram að heildartekjur félagsins voru um 18,5 milljónir og heildargjöld rúmar 18.1 milljónir. Hagnaður af rekstri félagsins var því rúmlega 370 þúsund krónur. Tekjur af starfseminni í Eyrardal voru rúmlega 14 milljónir á árinu, þar af vour rúmar níu og hálf milljón í aðgangseyri að sýningunni. Styrkir sem fengust á árinu voru upp á 2,3 milljónir. Helstu kostnaðarliðir vour laun og launatengd gjöld upp á rúmar 8 milljónir, rekstur setursins upp á rúmar 4,7 milljónir en þar munaði mest um kostnað vegna endurnýjunar á refagirðingu og vörukaup minjagripa. Rannsóknakostnaður upp á rúmar 3,3 milljónir (þar af voru laun 1,6 millj.) og bókhald var um ein milljón. Hið síðasttalda þarf útskýringar við en á árinu komu upp vandamál vegna bókkara félagsins. Þau mál hafa nú verið leyst farsælega en eftir stendur að bókhaldið var okkur ansi dýrt miðað vð ekki stærri rekstur en okkar litla félag.

Sótt var um fjármagn til margvíslegra sjóða vegna starfsemi Melrakkaseturs Íslands og fengust eftirfarandi styrkir á árinu 2015:

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið	Melrakkasetur í sókn	1,200,000,-
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	Refirnir á Hornströndum	1,800,000
Uppbyggingasjóður Vestfjarða	Rekstrarstyrkur	2,000,000,-
Umhverfissjóður Palma Gislasonar		1,000,000,-
Vinnumálastofnun	Vegna sumarstarfa	795.692,-

Ekki var búið að greiða setrinu alla þessa styrki að fullu í árslok 2015. Samkvæmt ársreikningum voru greiddar 4,3 milljónir í styrki. Sumt eru greiðslur styrkja sem veittir voru árið áður og koma aðrir til greiðslu á næsta starfsári.

Einnig bárust fjöldi smærri styrkja og gjafa frá gestum og velunnurum Melrakkasetursins.

Mörg fyrirtæki hafa veitt Melrakkasetrinu stuðning bæði í formi styrkja, góðrar fyrirgreiðslu og aðstoðar ýmiskonar. Melrakkasetrið á marga góða vini og viljum við koma á framfæri kærum þökkum til allra sem hafa lagt setrinu lið á einn eða anna hátt.

Starfið í Eyrardal

Viðburðir

Að venju hófst starfsárið formlega um páskana með páskaeggjaleit og veitingasölu í Rebbakaffi. Góa gaf egg og nammi að venju og Genka sá um viðburðahaldið, baksturinn og afgreiðsluna.

Gestafjöldi var vaxandi fram á vorið enda hefur sumarvertíðin lengst í báða enda og jafnvel alltaf einhverjar gestakomur yfir veturinn. Stærsti viðburðurinn okkar er að sjálfsgöðu afmælishátíðin í byrjun júní þegar haldið var upp á 5 ára opnunarafmæli Melrakkasetursins. Farið var í ýmsa leiki og boðið upp á andlitsmálun. Gamla bakaríið útvegaði úrvals fína afmælistertu og Ölgerðin bauð upp á sumarmix. Margt var um manninn og starfsmenn jafnt sem sjálfboðaliðar og gestir ánægðir með daginn. Upplýsingamiðstöð og afgreiðsla fyrir tjaldstæðið var áfram í gangi og mikið spurt og sagt til vegar ásamt því að veita upplýsingar um gistingu og veitingastaði, leiðarlýsingar og veðurfar.

Gestafjöldi af skemmtiferðaskipum tvöfaldaðist frá því sumarið áður og nóg var að gera að skipuleggja, baka og framreiða þegar mættu um 200-300 manns á dag. Öðrum gestum fjölgaði einnig talsvert og var yfirleitt margt um manninn í setrinu. Opnunartíma var breytt frá því áður var og lokað kl. 18 en opið lengur ef viðburðir voru í gangi.

Hápunktur síðsumars voru eins og áður, Bláberjadagar, en þeir hafa fest sig í sessi sem almenn tónlistar og menningahátíð. Fjöldi manns tóku þátt og fóru hátíðarhöldin að venju fram um allan bæinn.

Haust og vetur er opnunartíminn styttri og þá voru haldnir ýmsir viðburðir s.s. halloween, bíókvöld, þjóðakvöld, grjónagrautskvöld og jóladagskrá – eftir því sem færð og veðurfar leyfði. Midge og Genka sáu um viðburðahald og starfið í setrinu yfir vetrarmánuðina og margar skemmtilegar myndir voru settar á facebook fyrir þá sem ekki komust, til að allir fengju að njóta. Athygli vekur aukinn gestafjöldi á veturna og er greinilegt að ferðamenn láta sig ekki muna um að drífa sig vestur á hvaða árstíma sem er.

Rannsóknir

Vöktun íslenska refastofnsins

Náttúrufræðistofnun Íslands tók við verkefninu um vöktun íslenska refastofnsins haustið 2013. Ljóst var að Melrakkasetrið gæti ekki tryggt verkefninu framtíð enda voru framlög til rannsókna á íslensku tófunni nánast gjaldfæld þegar verkefnið var flutt frá Háskóla Íslands út á land. Niðurstöður rannsóknanna og gögn sem verða til við mælingar og athuganir á íslenska refastofninum verða áfram aðgengilegar Melrakkasetri Íslands og samstarf í útvegum og framsetningu á fræðslu og sýningarefni.

Það er afar brýnt að Melrakkasetrið haldi áfram þeirri sérstöðu sinni að allt það efni sem þar er sett fram sé byggt á vísindalegu starfi. Þar liggur sérstaðan og fyrir það erum við þekkt, mikilvægt er að við slökum ekki á kröfunum í þeim efnum.

Refirnir á Hornströndum

Náttúrufræðistofnun Íslands og Melrakkasetur Íslands vinna saman að rannsókn á refum í friðlandinu á Hornströndum þar sem fylgst er með ábúð og þéttleika grenja. Melrakkasetrið, í samstarfi við Háskóla Íslands og Náttúrustofu Vestfjarða, hafði áður sinnt þessum rannsóknum frá árinu 2008 en Ester Rut Unnsteinsdóttir hefur heimsótt svæðið og kannað ábúðþéttleika frá árinu 1998, sem starfsmaður þessara stofnana. Verkefnið er unnið í góðu samkomulagi við Umhverfisstofnun sem hefur umsjón með landvörslu í friðlandi Hornstranda.

Óskað hafði verið eftir fjármagni til að heimsækja öll þekkt greni í friðlandinu árið 2015, eins og gert var árið 1999, en ekki fékkst nægilegt fé til þess að fara í slíka ferð. Því var ákveðið að fara aðeins á hluta svæðisins, líkt og gert hefur verið undanfarin ár.

Sumarið 2015 var farið á öll þekkt greni frá Drifanda í Kjaransvík í vestri til Axarfjalls, sunnan við Hornbjarg. Alls voru athuguð 41 þekkt grenstæði. Farið var þrisvar á grenin í Hornvík en einu sinni á öðrum svæðum. Jafnframt var austanverð Hornvík heimsótt í eina viku í mars 2015 til að fylgjast með þörun og fæðuframboði. Mat á ástandi refastofnsins byggir á fjölda óðula í ábúð og fjölda yrðlinga hjá hverju óðalspari yfir sumarið. Fylgst var með refum á grenjum, fjöldi yrðlinga og stærð óðals áætluð.

Niðurstöður

Strax í mars var ljóst að ástandið var ólíkt betra en árið áður þegar hrun varð í stofninum. Heilmikið var af sjóreknum sjófugli í fjörum og víða lágu hamir og uppétin hræ. Um 60 hrafnar, 6-8 fálkar og haförn héldu til á svæðinu sem segir nokkuð til um veisluna sem þarna var. Mikið var um refi, bæði pör og gelddýr og ljóst að stór hluti yrðlinga síðasta árs hafði lifað af veturinn. Pör voru þegar farin að merkja sér óðul og þörun í fullum gangi.

Í júní kom svo árangurinn í ljós, flest pör voru með stór got, allt upp í 9 yrðlingar á hverju greni. Þó voru ekki öll óðul í ábúð, sem er óvanalegt á þessu svæði. Svæðin voru í staðinn nýtt af gelddýrum sem voru reyndar fleiri en oft áður. Af þeim 40 þekktu grenstæðum sem heimsótt voru sl. sumar voru 15 í ábúð, þar af voru 8 óðalspör með yrðlinga staðfest í Hornvík, Rekavík og Hvannadal. Þrú í Hælavík, 1-2 í Hlíðuvík og 1-2 í Kjaransvík. Stærð og gæði óðala eru mjög mismunandi en landamæri nokkuð stöðug. Bestu óðulin hafa aðgengi bæði að fuglum í bjargi og gjöfulli strandlengju þar sem hægt er að nýta reka. Á svæðinu öllu er tiltölulega stöðugt félagskerfi, pörin virðast halda óðali sínu í allt að fimm ár ef ekkert kemur fyrir (eigin athuganir, fyrri ár). Í lok júlí og í ágúst varð strax ljóst að ekki var næg fæða til að metta þá stóru yrðlingahópa sem fæddust að vorinu. Flest, ef ekki öll pörin misstu þriðjung til helming af sínum yrðlingum. Á tveimur grenjum drápust allir yrðlingarnir. Líklegt má telja að þarna hafi fæðuskortur verið helsta skýringin, sumarið var ansi votviðrasamt og kalt, til dæmis gerði slyddu í miðjum júlí og var lofthiti um 4°C um vikubil. Þó tófan sé gerð til að lifa af fimbulkulda heimskautavetrarins er sumarfeldurinn ansi rýr auk þess sem yrðlingar hafa ekki burði til að halda á sér hita fái þeir ekki nægilegt æti. Hugsanlega gæti verið þarna einhver sjúkdómur eða sníkjudýr sem veldur því að fleiri yrðlingar drepast en annars staðar, þetta þarf að athuga nánar og því er frekari vöktun gríðarlega mikilvæg. Safnað var töluvert af refaskít en hann gæti nýst til að leita eftir streituhormónum og fleiru sem gæti varpað ljósi á heilsufar dýranna á svæðinu. Hornbjargið er eitt

Þéttasta refasvæði landsins og gæti þess vegna verið útsettara fyrir smitandi sjúkdómum og sníkjudýrum sem hafa neikvæð áhrif á afkomu dýranna. Þetta á væntanlega eftir að skýrast frekar á komandi árum.

Áhrif ferðamanna á atferli refa

Að venju voru valin þrjú greni til að fylgjast sérstaklega með m.t.t. samskipta við ferðamenn og afkomu yrðlinga. Þau greni voru vöktuð í 12 klst á dag í fimm daga í júní, júlí og ágúst. Ljóst er að fjöldi ferðamanna er vaxandi og jafnframt færist í aukana að menn geri ráð fyrir og ætlist hreinlega til að sjá refi á ferðum sínum um svæðið. Okkar verkefni hefur falist í því að fylgjast með hegðun ferðamanna í nálægð við greni þar sem þar er með yrðlinga. Greinileg aukning er á því að ferðamenn sýni refunum áhuga og margir vilja dvelja löngum stundum nálægt grenjum til að freista þess að taka góða mynd í návígi. Melrakkasetrið hefur verið í samstarfi við ferðapjónustuaðilana Borea Adventures og Vesturferðir um þróun refaskoðunarferða. Unnar hafa verið viðmiðunarreglur út frá reynslu okkar og niðurstöðum rannsókna á ferðamönnum og refum við greni. Niðurstaðan bendir til þess að hægt er að skoða/sýna refina með því að halda sig fjarri, ekki vera of mörg saman og dvelja ekki of lengi við grenin. Þeir aðilar sem fara eftir þessum tilmælum ættu að fá vottun eða viðurkenningu á hegðun sinna leiðsögumanna. Því miður er farið að bera á því að ferðamenn, jafnvel leiðsögumenn hegði sér ekki sem skyldi og er það áhyggjuefni. Í dagbókum sjálfboðalilða okkar er t.d. sagt frá leiðsögumanni sem fer með stóran hóp (20+) rakleiðis á greni og gargar þar og gólar og potar í holur með göngustaf. Annað tilfelli er að leiðsögumaður leiðbeinir fólki (15 manns) að greni sem er vel augljóst og þekkt á svæðinu og segir það tilvalinn stað til að létta á sér. Þessir aðilar hafa, með hegðun sinni, neikvæð áhrif á refina, afkomu yrðlinganna og tækifæri annara gesta á að upplifa og sjá refafjölskyldu í náttúrulegu umhverfi í framtíðinni.

Vísindagreinar

Samstarf í veiðum og vísindum þykir mörgum kollegum mínum spennandi og erum við oft beðin um að senda sýni til ýmissa samanburðarrannsókna. Síðastliðið haust voru send saursýni til fjögurra mismunandi rannsóknastofnana í þremur löndum. Talsvert mikið hefur verið safnað og sent af ýmsum vefjum úr refum, til rannsókna á heilsufari og mengun. Eins og áður hefur komið fram birtist í ársbyrjun 2013 grein þar sem sagt var frá niðurstöðum rannsóknar á uppsöfnun kvikasilfurs í íslenska refastofninum. Ester heimsótti rannsóknastofu þessaa í Berlín í mars 2015 og var gert heiðursmannasamkomulag um frekari mælingar af þeirra hálfu á sýnum frá Íslandi. Þau hafa nú tilkynnt um áhuga sinn á að fara í langtímavöktun á heilsufari íslensku tófunnar. Það er fagnaðarefni enda höfum við nóg af sýnum, stofn sem er einangraður á eyju og virkar eins og lifandi tilraunastofa og hvorki fé né fólk til að stunda þessar rannsóknir sjálf.

Tvær vísindagreinar um íslenska refastofninn voru samþykktar til birtingar í ritrýndum vísindatímaritum. Greinarnar fjalla um takmarkandi og stýrandi þætti í stofnvistfræði tófunnar og er í þeim leitað skýringa á falli og risi stofnsins um hálfra aldar skeið. Handrit greinanna fundust í fórum Páls heitins Hersteinssonar en hann hafði unnið að þeim ásamt Dr. Snæbirni Pálssyni stofnvistfræðingi hjá Háskóla Íslands og Dr. Ólafi K. Nielsen, vistfræðingi hjá Náttúrufraeðistofnun og helsta sérfræðingi héraendis um stofnvistfræði rjúpunnar. Greinarnar voru endurunnar og kom netútgáfa fyrri greinarinnar út í lok árs 2015 en sú seinni kom út í ársbyrjun 2016. Helstu niðurstöður sem þar koma fram eru að fall stofnsins á tímabilinu 1950-1980 megi helst rekja til hruns í rjúpustofninum og versnandi fæðuskilyrða vegna óhagstæðs veðurfars. Ris stofnsins megi helst skýra með batnandi veðurfari sem hafði í för með sér aukið fæðuframboð vegna vaxtar í bráðarstofnum svo sem gæs og

vaðfugla. Ekki var samband milli vaxtar refastofnsins og rjúpunnar enda hefur sú síðarnefnda ekki náð sér á strik eftir hrunið. Athygli vakti að frjósemi íslensku tófunnar hefur ekki tekið marktækum breytingum frá upphafi mælinga. Er þetta afar sérstakt þar sem allir þekktir stofnar tegundarinnar sýna aukna frjósemi þegar fæðuskilyrði eru góð en tímgun er í lágmarki þegar fæða er af skornum skammti. Íslenski stofninn hegðar sér því ólíkt því sem gengur og gerist hjá tegundinni erlendis. Auk þess að birta þessar niðurstöður í ofangreindum tímaritsgreinum hefur einnig verið fjallað um þetta efni á alþjóðlegri ráðstefnu um spendýrarannsóknir og hjá Vistfræðifélagi Íslands. Greinarnar eru báðar aðgengilegar á vefsíðu tímaritsins og hægt að nálgast þær hér:

<http://link.springer.com/article/10.1007/s00442-015-3536-7>

<http://link.springer.com/article/10.1007/s00442-016-3635-0>.

Ester hefur lokið vð að rita texta fyrir fræðsluefni um melrakka, sem veittur var styrkur fyrir úr umhverfissjóði Pálma Gíslasonar. Efnið verður gefið út í bók og er enska útgáfan nú í yfirlestri hjá nokkrum aðilum, m.a. Dr. Robert Fagen atferlisfræðingi sem starfar í Kanada en hann hefur sýnt rannsóknum Esterar á atferli refa við greni mikinn áhuga. Í vinnslu er grein um atferli refa og ferðamanna við greni en meðhöfundur er Borgný Katrínardóttir sem hefur unnið með Ester í nokkrum verkefnum. Melrakkinn og Melrakkasetrið voru kynnt í máli og myndum á Iceland Affair í Connecticut í Bandaríkjunum í október 2015. Vakti kynningin mikla lukku og áhuga hjá þarlandum ferðalöngum sem hyggja á Íslandsferðir.

Lokaverkefni Snæfríðar Pétursdóttur og Matthew Kyhn eru aðgengileg á skemman.is

Þjónustuverkefni

Refaskoðun

Farið var í nokkrar refaskoðunarferðir á vegum Vesturferða og Borea Adventures, ekki síst til að prófa aðferðir til að sýna dýrin, fá viðbrögð gestanna og sjá hvernig dýrin bregðast við þegar farið er eftir leiðbeiningum sem við höfum þróað í verkefninu The Wild North. Afraksturinn er nokkuð skýr, gestirnir vilja frekar vera í litlum hópi og sætta sig við að halda fjarlægð við dýrin. Fleiri og fleiri vilja nálgast refina og taka myndir, sérstaklega af yrðlingum en einnig er vaxandi áhugi á að mynda refi að vetrarlagi. Í mars var eftirspurnin meiri en framboðið og hefur fjöldi fyrirspurna margfaldast. Eins og áður hefur verið nefnt ættu ferðaskrifstofurnar að taka við og þjálfa upp leiðsögumenn sem fara að reglum og fá vottun og þjálfun hjá okkur til að geta tryggt ánægjuleg og sjálfbær viðskipti með slíkar ferðir í komandi framtíð. Það var aldrei ætlun okkar að fara inn á þeirra svið og nú er varan tilbúin, eftirspurnin komin og ekki annað að gera en að mæta þessum áhuga á faglegan hátt. Sé vandað til verka ætti refaskoðunin að verða sjálfbær. Sú hætta er þó alltaf fyrir hendi að menn gæti ekki að sér, truflað dýrin með óþarfa ágangi og missi þar með af því tækifæri að geta gengið að þeim vísun, ferðamannaviðskiptum til heilla.

Kvikmyndaverkefni

Guðbergur Davíðsson hjá Ljósopi lauk við að taka upp heimildarmynd um íslenska melrakkann. Myndin er nú sýnd í flugvélum Icelandair og vekur hún mikla lukku. DVD diskar af myndinni eru til sölu í setrinu og það er þegar margur gesturinn búinn að kaupa eina slíka. Myndin er skemmtileg, vel unnin og frábær landkynning sem sómi er að. Við færum Guðbergi bestu þakkir fyrir að hafa látið okkur í té þessa frábæru mynd.

BBC Nature tóku upp efni fyrir mynd sína um náttúru Íslands í mars 2014 og dvöldu allt sumarið við tökur víðs vegar um landið. Myndin var sýnd í sjónvarpinu í Bretlandi (BBC2) og er nú til sýnis víða, til dæmis í flugvélum. Hún hefur þegar vakið athygli og hafa borist fréttir af því að menn hyggi á íslandsferð til að heimsækja melrakkana sem þar voru sýndir.

Í ferðunum í mars voru ljósmyndarar með í för og meðal annars Josh Holko, Daníel Bergmann og Einar Guðmann. Einar náði ótrúlegum myndum af slagsmálum tveggja steggja sem slógust um læðu sem báðir höfðu parast við. Bardaginn var blóðugur og endaði með því að annað karldýrið staulaðist illa slasað á brott. Myndirnar fóru víða og fengu mikla athygli. Í bígerð eru nokkrar ljósmyndabækur og fleira efni frá ýmsum samstarfsaðilum Melrakkasetursins. Þegar þetta er ritað eru komnar út tvær fallegar ljósmyndabækur, önnur eftir Josh og hin eftir Phil Garcia, með myndum af refunum á Hornströndum. Það er ekki spurning að meira efni verður framleitt um skjólstæðinga okkar og líklega verða setrinu okkar til framdráttar á einn eða annan máta á næstu misserum.

Ýmsir viðburðir og verkefni hafa verið kynnt á facebook síðu Melrakkasetursins og þar eru líka mikið af myndum úr vettvangsferðum og úr starfinu í Eyrardal.

Október 2016

f.h. stjórnar Melrakkaseturs Íslands

Ester Rut Unnsteinsdóttir